

FUNDARGERÐ

Árið 2021, mánudaginn 28. júní kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Karen E. Halldórsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni, Ragnari Ágúst Róbertssyni og Tinnu Dahl Christiansen, sem ritaði fundargerð.

Daníel Jakobsson og Margrét Þórarinsdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð frá 2. júní 2021

Lögð var fram fundargerð frá 2. júní 2021 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 2. júní 2021 var samþykkt án athugasemda.

2. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs

Yfirlit yfir vinnu síðustu endurskoðunarnefndar

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór með kynningu á áfangaskýrslu nefndar um endurskoðun á jöfnunarframlögum Jöfnunarsjóðs frá árinu 2017.

3. Framlög vegna breytinga á álagningarstofni mannvirkja

Áætlað uppgjör framlaganna

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 26. júní 2021, varðandi fasteignaskattsjöfnun 2021. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 25. september 2020 tillögu að áætlun um úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2021. Áætlunin var byggð á áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 4.206,4 m.kr.

Samþykkt voru á Alþingi 29. maí 2008 lög um breytingar á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna með síðari breytingum. Á grundvelli þeirra breytinga skal Þjóðskrá Íslands endurmeta skráð matsverð allra fasteigna 31. maí ár hvert. Skal það vera fasteignamatsverð frá og með 31. desember þess árs til jafnlengdar næsta árs nema sérstök matsgerð komi til.

Þjóðskrá Íslands hefur haldið við eldri álagningarstofni fasteignaskatts frá 2001 vegna útreiknings Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á framlagi til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum. Samkvæmt breytingu á þeirri reglugerð, nr. 961/2010, skulu framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til einstakra sveitarfélaga reiknast sem mismunur á fasteignamati og álagningarstofni í hverju sveitarfélagi, margfaldaður með álagningarprósentu fasteignaskatts viðkomandi sveitarfélags, skv. a- og c-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, á því ári sem framlagið kemur til greiðslu.

Tillaga að áætluðu uppgjóri framlaganna á árinu 2021 byggir á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts í sveitarfélögum 31. desember 2020 ásamt upplýsingum um álagningaprósentur og upplýsingum sveitarfélaga um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega, sem gilda fyrir árið 2021.

Hvað nokkur sveitarfélög varðar þá er álagning á tilteknar tegundir fasteigna (útihús, sbr. breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga) önnur en álagningarflokkar A eða C segja til um. Í þeim tilfellum er fasteignamat og gamli álagningarstofninn aðlöguð að þeim álagningarhlutföllum sem upp eru gefin af sveitarfélögunum. Fasteignamatið og gamli álagningarstofninn eru því annað hvort lækkuð eða hækkðu eftir því sem við á. Sveitarfélögin sem um ræðir eru Reykjanesbær, Grindavík, Akureyrarkaupstaður og Seyðisfjörður.

Áætlað uppgjör er byggt á fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 4.206.397.985 kr., til greiðslu hafa komið 2.523 m.kr. Áætlað uppgjör framlaganna fer fram mánuðina júlí til september 2021 með jöfnum greiðslum samtals að fjárhæð 1.682 m.kr. eða 560 m.kr. í hvert sinn. Heildarfjárhæðir framlagsins verða teknar til endurskoðunar þegar greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins verður tekin til skoðunar síðar á árinu.

Að yfirferð lokinni voru engar athugasemdir gerðar við áætlað uppgjör framlagsins og leggur nefndin til við ráðherra að það verði samþykkt.

4. Framlag vegna fjárhagserfiðleika

Vopnafjarðarhreppur - ráðgjöf

Lagt var fram aðsent erindi frá Vopnafjarðarhreppi þar sem óskað er eftir sérstöku framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að ráða sérfræðing til að taka út rekstur sveitarfélagsins og koma með úrbótatillögur. Vopnafjarðarhreppur hefur undanfarin ár skilað neikvæðri rekstrarafkomu og gerir fjárhagsáætlun 2021-2024 ekki ráð fyrir að breyting verði þar á. Þann 26. maí sl. funduðu fulltrúar sveitarfélagsins með Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga þar sem farið var yfir erfiða fjárhagsstöðu Vopnafjarðarhrepps. Í kjölfarið barst sveitarfélaginu bréf frá Eftirlitsnefndinni þar sem lagt er til að keypt verði utanaðkomandi ráðgjöf til að yfirfara fjárhagsstöðu og rekstur sveitarfélagsins og koma með úrbótatillögur.

Sveitarfélagið hefur leitað til ráðgjafarfyrirtækisins Ráðrík ehf. og fengið upplýsingar um áætlaðan kostnað verkefnisins sem gæti orðið allt að 2,5-3 m.kr. Þann 24. júní sl. samþykkti sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps að semja við ráðgjafa um slíka greiningu.

Formaður ráðgjafarnefndar vék af fundi undir þessum lið og fól Birgi Birni fundarstjórn. Að umræðu lokinni ákvað nefndin að samþykkja kostnaðarþátttöku sjóðsins allt að 3 m.kr.

5. Þekkingarsetur um úrgangsmál á Laugarvatni

Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. júní 2021, varðandi þekkingarsetur um úrgangsmál á Laugarvatni ásamt erindi frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem fram kemur að Samband sunnlenskra sveitarfélaga hafi leitað til ráðuneytisins vegna uppbyggingar þekkingarseturs um úrgangsmál. Fram kemur í erindinu að tilgangur starfseminnar er að aðstoða

sveitarfélögin við að innleiða hringrásarhagkerfi í úrgangsmálum með áherslu á endurnýtingu sem leið til þess að dregið verði úr urðun heimilisúrgangs.

Óskað er eftir stuðningi úr ráðuneytinu vegna verkefnisins og hefur ráðuneytið tekið vel í erindið. Leggur ráðuneytið til að þeim fjármunum sem eftir standa frá verkefni Háskóla Íslands um uppbyggingu rannsóknarseturs og þéttbýlisfræða, sem sagt var upp af hálfu háskólans 2020, verði varið í framangreint verkefni. Eftirstöðvarnar nema tæpum 5,9 m.kr.

Ráðgjafarnefnd sjóðsins samþykkti 12 m.kr. framlag vegna rannsóknarseturs í sveitarstjórnarmálum á fundi sínum 24. ágúst 2018.

Að umræðu lokinni samþykkti nefndin að veita framlag allt að 5,9 m.kr. til verkefnisins. Farið verður á leit við Samband sunnlenskra sveitarfélaga að skila skýrslu um framvindu verkefnisins sem gæti nýst öðrum sveitarfélögum.

6. Sameiningar sveitarfélaga

Staða mála

Umræða um stöðu sameininga á landinu.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKIS

7. Reglugerð vegna framlaga 2021

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 1. júní 2021, ásamt drögum að reglugerð vegna framlaga Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2021.

Að umræðu lokinni var ákveðið að fresta afgreiðslu erindisins fram á næsta fund.

8. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Breytingar á regluverki/útreikningum

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 24. júní 2021, varðandi mögulegar breytingar á útreikningum framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk ásamt þar að lútandi útreikningum.

Að umræðu lokinni ákvað nefndin að fresta afgreiðslu erindisins fram á næsta fund.

9. Innri úttekt

Reykjavíkurborg

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. maí 2021, ásamt umsókn frá Reykjavíkurborg, dags. 17. maí 2021. Á þarsíðasta fundi ráðgjafarnefndar, þann 23. apríl sl., var tekið fyrir erindi frá Reykjavíkurborg þar sem óskað var eftir framlagi fyrir innri úttekt á heimilum fyrir fatlað fólk í Reykjavík. Var niðurstaða fundarins að fela starfsmanni Jöfnunarsjóðs að óska frekari gagna/rökstuðningsins varðandi annars vegar hvernig úttektin geti nýst öðrum sveitarfélögum/þjónustusvæðum og hins vegar hvort Reykjavíkurborg muni nýta sér vinnumarkaðsúrræði stjórnvalda til að standa straum af launakostnaði.

Sjóðnum hefur nú borist nýtt erindi frá Reykjavíkurborg, dags. 17. maí 2021, í kjölfar fyrirspurna starfsmanns Jöfnunarsjóðs. Er nú sótt um styrk að fjárhæð 4,3 m.kr. til að ráða þrjá meistaranema til að framkvæma viðtölin og við úrvinnslu þeirra.

Þá kemur einnig fram að þeir spurningalistar sem notaðir verða eru ekki til í dag og mun Reykjavíkurborg þróa þessa spurningalista og nýta til þess m.a. gæðaviðmið gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar (GEF) og gagnreyndar aðgerðir. Önnur sveitarfélög/þjónustusvæði gætu nýtt form úttektanna og spurningalista til að gera sambærilegar eigindlegar kannanir meðal fatlaðra íbúa sinna. Niðurstöður Reykjavíkurborgar geta þannig orðið samanburðarhæfar við önnur svæði sem framkvæma sömu könnun.

Að umræðu lokinni ákvað nefndin að veita framlag að fjárhæð 4,3 m.kr.

10. Stofnframlög/Framlög vegna aðgengismála

Hafnarfjarðarkaupstaður

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. júní 2021, ásamt umsóknum frá Hafnarfjarðarkaupstað, dags. 24. júní 2021, vegna framkvæmda er snerta aðgengismál og úrbætur á vinnustöðum fatlaðs fólks. Áætlaðar fjárhæðir vegna framkvæmda vegna aðgengismála nema um 26,3 m.kr. og næmi 50% kostnaðarþátttaka sjóðsins kr. 13.179.800. Áætlaður kostnaður vegna framkvæmda við úrbætur á vinnustöðum fatlaðs fólks nemur rúmum 10,1 m.kr. og næmi 25% kostnaðarþátttaka sjóðsins 2.537.500 kr.

Að yfirferð lokinni samþykkti nefndin 50% kostnaðarþátttöku sjóðsins varðandi aðgengismál að fjárhæð 13.179.800 kr. ásamt 25% kostnaðarþátttöku vegna framkvæmda við úrbætur á vinnustöðum fatlaðs fólks að fjárhæð 2.537.500 kr.

Reykjanesbær

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. júní 2021, ásamt umsókn frá Reykjanesbæ, dags. 14. júní 2021, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði vegna uppsetningar á lyftu í félagsmiðstöð að Hafnargötu 88 í Reykjanesbæ. Umsóknin er á grundvelli 3. gr. reglugerðar um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, nr. 280/2021. Mikilvægi framkvæmdarinnar er mikið svo unnt verði að bæta aðgengi fatlaðs fólks í húsinu og gera því kleift að eiga þess kost að fara hjálparlaust milli hæða í félagsmiðstöðinni. Sótt er annars vegar um vegna framkvæmda á þessu ári að fjárhæð 3.289.125 kr. og hins vegar vegna framkvæmda á næsta ári að fjárhæð 9.000.000 kr. Kostnaðarþátttaka sjóðsins vegna framkvæmdanna næmi 6.144.563 kr.

Að umræðu lokinni samþykkti nefndin 50% kostnaðarþátttöku sjóðsins að fjárhæð 6.144.563 kr.

Hveragerðisbær

Lagt var fram aðsent erindi frá skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna, dags. 24. júní 2021, varðandi umsókn um framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna kostnaðar á nauðsynlegum breytingum á félagslegu húsnæði í eigu Hveragerðisbæjar. Í húsnæðinu býr fjölskylda með fatlað ungmanni sem notar hjólastól og þarf umfangsmikla þjónustu. Því er nauðsynlegt að fara í

framkvæmdir til þess að tryggja gott aðgengi þannig að fjölskyldan geti búið í húsnæðinu. Samkvæmt áætlun mun kostnaður breytinganna vera 1,6 m.kr.

Að yfirferð lokinni samþykkti nefndin 50% kostnaðarþátttöku sjóðsins að fjárhæð 800.000 kr.

11. Reykjadalur

Framlög ársins 2021

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 25. júní 2021, varðandi samning við SLF – Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra vegna Reykjadals 2021. Á fundi ráðgjafarnefndar í janúar var tekin fyrir ósk Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra (SLF) um hækkun fjárhæða umfram vísitöluhækkunar á samningi Jöfnunarsjóðs og SLF vegna Reykjadals á árinu 2021. Segja má að verið sé að biðja um hækkun á grunnfjárhæðum samningsins sem síðan yrði í kjölfarið verðbættar skv. þróun vísitölu á næstu árum.

Við síðustu hækkun á grunni framlagsins var gerð athugun á rekstri Reykjadals og ákvað nefndin á fundinum í janúar að láta framkvæma sambærilega athugun á rekstrinum og taka síðan í kjölfarið ákvörðun um mögulega hækkun á grunni framlagsins. Ekki hefur verið unnt að framkvæma framangreinda athugun á rekstrinum fyrir en nú og vinnur HLH ráðgjöf að úttektinni. Stefnt er að því að úttektinni ljúki í júlí/ágúst.

Framlag til Reykjadals á árinu 2020 nam 63,4 milljónum króna. Jafnframt fær SLF greiðslur á grundvelli verkaskiptasamningu ríkis og sveitarfélaga vegna eflingar tónlistarfræðslu og nema framlögin í ár rúmlega 34 m.kr. Þær greiðslur hafa þegar komið til framkvæmdar.

Þrátt fyrir að úttektinni sé ekki lokið er lagt til að í júlí verði SLF greiddar 39,5 m.kr. vegna reksturs Reykjadals. Tillaga nefndarinnar yrði lögð fram til samþykkis ráðherra eða ráðuneytisstjóra.

Að umræðu lokinni samþykkti nefndin framlag að fjárhæð 39,5 m.kr.

12. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði í ferð ráðgjafarnefndar 23.-25. ágúst.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:50.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson